

RÉTTINDI FLÓTTAFÓLKIS



Sjá myndskaið: [hér](#)

Lengd: 15-20 mínútur.

Efniviður: Tölva, spjaldtölva eða sími til að horfa á myndbandið; blað og penni.

Notaðu þetta kennslublað til að kenna nemendum grunnhugtök um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga.

Horfðu fyrst á myndskaiðið með nemendum þínum. Farðu svo eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

Markmið: Að skilja hugtakið “flóttafólk” og hvaða þýðingu það hefur að vera flóttamaður.

Aldur: Efnið hentar 12 ára nemendum og eldri.

1: Eftir að þið hafið horft á myndskaiðið skaltu biðja nemendur þína um að ná í blað og penna og gera eftirfarandi verkefni:

Skrifið þrjár stuttar setningar til að útskýra: Hvaða réttindi hefur flóttafólk?

2: Safnaðu saman svörunum og lestu upphátt fyrir nemendur þína. Nú er tími fyrir umræður og skaltu spyrja eftirfarandi spurninga:

Getur þú ferðast til annars lands? Hvaða skjöl þarftu að hafa til þess?

Má senda flóttafólk aftur til heimalands síns?

Má flóttafólk vinna og ganga í skóla í öðru landi?

Hvað myndi gerast ef flóttafólk ætti ekki rétt á að fara til öruggara lands?

3: Ræddu um eftirfarandi réttindi flóttafólks við nemendur þína og berðu saman við svör þeirra úr fyrsta verkefninu:

1. Það **má ekki senda flóttafólk aftur heim til sín** ef það stofnar því í hættu.
2. Flóttafólk hefur **rétt á að vera í öðru landi** ef það er hættulegt fyrir það að vera í sínu eigin landi.
3. Flóttafólk hefur **sömu réttindi og annað fólk** sem er með lögheimili í móttökulandinu en kemur frá öðru landi: það má vinna, ganga í skóla, á rétt á aðgengi að heilbrigðisþjónustu og má kaupa eða leigja íbúð til að búa í eða stunda starfsemi í.

Næst skulið þið horfa aftur á myndskaiðið og svara eftirfarandi spurningum saman:

Hvenær voru réttindi flóttafólks fyrst kynnt til sögunnar? Af hverjum? Hvað kallast löggjöfin sem kveður á um að ekki megi senda flóttafólk aftur heim ef það eru í hættu þar? (Má ekki vísa því frá).